

108. Fræðslunefndarfundur 13. október 2010. haldinn í Grunnskólanum í Stykkishólmi.

Mættir voru: Hrafnhildur Hallvarðsdóttir formaður, Sigrún Þórsteinsdóttir skólastjóri leikskólans, Gunnar Svanlaugsson skólastjóri grunnskólans, Haukur Garðarsson, Auður Vésteinsdóttir, Áslaug Kristjánsdóttir, Anna Lís Hassing, Sigurður Þórarinsson, Dóra Björk Sigurðardóttir, Einar Gunnarsson fulltrúi kennara grunnskólans, Elín Guðrún Pálsdóttir fulltrúi kennara leikskólans sem ritaði fundargerð.

Skýrsla skólastjóra leikskólans:

1. Barnafjöldi:

Frá síðasta fundi hefur verið sagt upp fyrir eitt barn á elstu deildinni. Þá eru ekki nema 16 börn í tveimur elstu árgöngunum. Tökum inn 1 ½ árs gamalt barn fyrir forfalla kennara við grunnskólann. Þá verða um 50 börn í skólanum um áramót.

2. Sérfræðingar:

Talmeinafræðingur og sálfræðingur komu í september og hittu foreldra og voru með ráðgjöf til foreldra og starfsmanna. Það er alltaf auglýst í skólanum þegar von er á sérfræðingum hingað.

3. Grænfánavinna:

Orrí Páll frá Landvernd, kemur mánudaginn 11. október og gerir úttekt á starfinu. Búið er að stofna nýja nefnd innan leikskólans og velja fulltrúa barna og kjósa fulltrúa starfsmanna. Tilkynnt verður síðar hvort við höfum hlotið grænfánann á ný.

4. Starfsmenn

Sólbjört Gestsdóttir er að byrja sitt síðasta ár sem leikskólakennaranemi, Elín Guðrún er áfram í mastersnámi við Menntavísindasvið.

Hjá okkur byrjaði 1. október í 50% starfi, Jóhanna Ómarsdóttir.

5. Foreldrasamvinna

Aðalfundur foreldrafélagsins var haldinn miðvikudaginn 22. september. Þar var farið yfir reikninga félagsins, leikskólastjóri fór yfir skóladagatalið og kosið var í nýja stjórn. Stjórn félagsins skipa nú Dóra Björk Sigurðardóttir formaður, Guðbjörg María Jósepsdóttir ritari, María Magnúsdóttir gjaldkeri, Iben Leth Riishuus meðstjórnandi og Elín Elísabet Hallfreðsdóttir meðstjórnandi. Í allt mættu foreldrar 11 barna á foreldrafundinn, stjórnin þar með talin.

Foreldrakaffi var föstudaginn 1. október, nokkuð margir foreldrar sáu sér fært að koma og þiggja kaffisopa og bananabrauð.

6. Starfsdagur

Starfsdagur var haldinn föstudaginn 8. október. Farið var á Hvanneyri og Borgarnes þar sem skoðaðir voru leikskólar. Andabær á Hvanneyri er Grænfána skóli og skólinn í Borgarnesi er með svonefnt flæði. Báðir skóla mjög áhugaverðir að skoða. Að ending var farið í Brúðuheima. Pöntuð var sýning sem verður haldin í byrjun desember í leikskólanum. Seinnipartinn í október verður starfsmannafundur þar sem unnið verður úr deginum.

7. Foreldrafundir

Foreldrafundir eru í gangi á deildum þessa vikuna.

8. Ráðstefna

N.k. föstudag ætla þrír kennarar að fara á ráðstefnu hjá Háskóla Íslands, Menntavísindasviði sem haldin er til heiðurs Erlu Kristjánsdóttur. Ráðstefnan ber heitið „Eiga nemendur að skilja tilfinningarnar eftir heim?“

9. Starfsdagur 2011

Tillaga kom frá leikskólanum að hafa ½ starfsdag, 3. janúar og loka þá frá kl 12:00, þá er grunnskólinn með starfsdag. Yfirleitt hefur verið dræm mæting hjá börnunum þennan dag. Erindi samþykkt.

10. Ýmislegt

Dansinn dunar hér enn einu sinni í viku. Það hefur gengið mjög vel að hafa yngri árganginn með og er Jón Pétur (kennarinn) ánægður með nemendurna.

Ömmu og afadagur verður 5. nóvember og ætlum við að tengja þann dag Norðurljósahátíðinn á einhvern hátt.

Skýrsla skólastjóra grunnskólans:

Áherslupunktur í október 2010 frá GSS

Sólbjört Gestsdóttir verður í vettvangsnámi í 1. bekk út vikuna.

- **Foreldrafélags GSS** hélt fund 6.okt.
- **Danskennsla** er í fullum gangi.
- **Starfsdagur GSS** - föstudaginn 8.okt.Uppeldi til ábyrgðar tekur þrjú ár að innleiða að minnsta kosti.
- **Samvinna** Þriðjudagur 12..Hittingur í Snæfellsbæ / Ólafsvík kl. 13:30 / kennarar á unglíngastigi.

- **Danskennsla** er í gangi.

Starfsmannamál:

- Sigurborg Sturludóttir verður í veikindaleyfi næstu vikunnar. Elín Kristinsdóttir hefur leyst hana af. Næstu daga byrjar forfallakennari fyrir Sigurborgu sem heitir Sigríður Ólöf Sigurðardóttir.
- Guðmunda Þ. Ragnarsdóttir er í veikindaleyfi. Sigrún Þorgeirsdóttir og Snæbjört Gestsdóttir munu leysa hana af.

Skólastarfið á haustönn hefur gengið vel. Lögð hefur verið mikil áhersla á að efla efstastigið. Það hefur borið mikinn og góðan árangur. Sameining allra skólastiga í eitt húsnæði er farið að ganga betur.

Verkefnaver hefur gengið mjög vel. Í verkefnaverinu hafa ákveðnir nemendur fasta viðveru en fleiri nemendur koma þar líka að.

Önnur mál:

- Skólastefna Stykkishólmsbæjar. Skólarnir eru búnir að skila af sér en hún er ekki komin inn á heimasíðu Samtaka sveitarfélaga.
- Spurt var hvernig samvinna á milli grunnskólans og framhaldsskólans verði háttað. Nemendur 10 bekkjar gátu sótt tíma frá FSN samhliða sínu námi. En síðastliðinn vetur var það ekki hægt. Þetta er í athugun frá aðilum beggja skóla.
- Hrafnhildur og Sigurður sögðu frá borgarafundi gegn einelti sem haldinn var í gærkveldi. Þetta er málefni sem þarf alltaf að hafa augun vel opin fyrir. Gott hefði verið að kennarar frá skólunum í Stykkishólmi hefðu mætti og foreldrar líka.
- Fyrirspurn kom hvort Leikskólinn væri með eineltisáætlun. Leikskólinn er ekki með eineltisáætlun en vinnur eftir forvarnarstefnu. Þar sem lögð er áhersla á að nemendur beri virðingu fyrir hvort öðru.
- Umræða kom að efla þyrfti fræðslunefnd, foreldrafélagið, alla foreldra, ungmennafélagið og allt samfélagið í samstarfi með grunnskólanum vegna eineltismála. Vakandi augu þarf að hafa fyrir einelti í tölvuheiminum. Einelti getur líka farið fram innan veggja skólastofunar. Eineltisáætlun er einn liður innan uppeldis til ábyrgðar.
- Lagt var fram erindi sem tekið verður fyrir síðar.
- Ábending kom fram um að auglýsa þyrfti betur á haustin hvenær heilsdagsskólinn hefst.
- Fyrirspurn hvernig gengur með Mentor. Gengur vel.

Næsti fundur verður haldinn 10. nóvember í leikskólanum.

Fundi slitið kl. 18:18. Fundarmönnum var boðið í skoðunarferð um Grunnskólann að loknum fundi.